

Ávinningur fjölbreytni í evrópsku bankaumhverfi: Ný rannsókn um sparisjóði í Evrópu.

Miðstöð rannsókna á stefnumörkun í Evrópu (Centre for European Policy Studies (CEPS)) birti þann 26. júní 2009 rannsóknina: „Fjölbreytni í bankakerfi Evrópu: Frammistaða og hlutverk sparisjóða“. Að rannsókninni stóð alþjóðlegt teymi reyndra manna, Dr. Rym Ayadi (CEPS), Reinhard H. Schmidt (prófessor við háskólann í Frankfurt) og Santiago Carbó Valverde (prófessor við háskólann í Grenada).

News & Views, sem er málgagn ESBG, birti viðtal við Dr. Rym Ayadi, aðalhöfund rannsóknarskýrslunnar, þar sem farið er yfir helstu niðurstöður rannsóknarinnar og þýðingu þeirra fyrir framtíð viðskiptabankastarfsemi í Evrópu. Viðtalið birtist hér þýtt.

Dr. Ayadi, hvers vegna ákvaðstu að rannsaka fjölbreytileika evrópska bankakerfisins?

Við mótuðum rannsóknarspurningar okkar fyrir nærri þremur árum, löngu áður en núverandi kreppa hófst. Á þeim tíma var hin pólitíska umræða um bankakerfi Evrópu talsvert frábrugðin þeirri umræðu sem nú er. Þá var þrýst á um stóra samevrópska banka í eigu hluthafa. Þrátt fyrir að pólitísk umræða væri á þessa leið þá var reynslan misjöfn og rannsóknir bentu jafnvel til þess að stórir bankasamrunar yfir landamæri afmáðu verðmæti, drægju úr gjaldfærni og væru jafnvel ekki til hagsbóta fyrir viðskiptavini og starfsmenn.

Að þessu gefnu töldum við að rannsaka ætti evrópskt bankakerfi á breiðari grunni – að beina ætti sjónum að fleiri þáttum en bara samkeppni og frammistöðu banka. Við töldum að áhrif fjölbreytni leikenda á markaðnum á vöxt og stöðuleika ætti skilið meiri athygli en hún fékk á þessum tíma.

Rannsóknin beinist að hlutverki sparisjóða í Þýskalandi, Austurríki, Belgíu, á Spáni og Ítalíu. Af hverju urðu þessi lönd fyrir valinu?

Sparisjóðir eru mikilvægur „hefðbundinn“ hluti evrópsku bankaflórunnar. Við vildum bera saman hlutverk sparisjóða í ólíkum löndum. Við einbeittum okkur að löndum þar sem sparisjóðir eru fyrirferðarmiklir eins og á Spáni, í Þýskaland og Austurríki. Þetta gaf okkur jafnframt kost á að skoða ólík sparisjóðamódel. Til þess að ná skýrri mynd á áhrif sparisjóða, frá víðara efnahagslegu sjónarhorni, greindum við einnig Ítalíu og Belgíu þar sem, af pólitískum ástæðum, sparisjóðir hafa nánast horfið.

Hverjar eru meginniðurstöður rannsókna þinnar?

Meginniðurstöðurnar eru tvær. Í fyrsta lagi leiðir greining okkar á samkeppnishæfni, arðvæni, hagkvæmni og stöðuleika í tekjum í bankakerfum þessara fimm ríkja að samkeppni í greininni er mikil og að sparisjóðir standa sig að minnsta kosti jafn vel og viðskiptabankarnir sem þeir keppa við. Í öðru lagi rannsökuðum við efnahagsleg og félagsleg áhrif sparisjóða í víðara samhengi. Við bárum saman löndin þrjú þar sem sparisjóðir gegna mikilvægum hlutverki (Spánn, Austurríki og Þýskaland) við löndin tvö þar sem sparisjóðum hefur að meginstefnu til verið ýtt til hliðar af pólitískum ástæðum (Ítalía og Belgía). Á heildina litið er niðurstaðan sú að það er efnahagslega og félagslega jákvætt að hafa sparisjóði. Ástæðan fyrir því er sú að sparisjóðir eru stofnanir sem huga að tvíþættum rekstrarniðurstöðum þar sem markmið þeirra ná út fyrir háþörfun hagnaðar og ná til víðari félagslegra og hagrænna markmiða ásamt uppbyggingu í heimahéraði.

Út frá þessum niðurstöðum teljum við að sparisjóðir séu mikilvægur hluti evrópsks fjármálakerfis og að fjölbreytni í bankakerfinu stuðli að aðgengi almennings að fjármálaþjónustu, vexti í heimahéraði og stöðuleika. Niðurstöður okkar sýna tvímælalaust að hægt er að sameina arðvænlega starfsemi við virk framlög til samfélagsins og velferðarmála.

Niðurstöðurnar breytast ekki á tímabilinu en gögnin sem greind voru ná til ára 1996 til 2006. Að sjálfsögðu væri mjög áhugavert að endurmeta framlag sparisjóða til fjármálastöðuleika í samhengi við fjármálakreppuna.

Komu niðurstöðurnar þér á óvart?

Þegar við hófum rannsókn okkar taldi ég líklegt að fjölbreytt bankakerfi væri betra fyrir efnahagslífið í heild sinni og jafnframt hafði ég þá kenningu að stofnanir með tvöfalda rekstrarniðurstöðu, líkt og sparisjóðir, högnuðust á því að öllum stæði til boða sama fjármálaþjónusta auk þess sem efnahagsleg þróun yrði þá meiri. Þrátt fyrir það kom það okkur á óvart hversu skýrar niðurstöðurnar voru hvað þetta varðar. Við áttum ekki von á svo skýrum gögnum um að fjölbreytni í bankaviðskiptum hefði svo margvíslegar jákvæðar afleiðingar, svo sem að fleiri fá fjármálaþjónustu, stöðuleika, framlag til vaxtar og hagnað fyrir bankana sjálfa.

Hvaða leið finnst þér að ætti að fara í samþættingu evrópsks bankamarkaðar?

Ég tel að núverandi kreppa og jafnframt niðurstöður rannsókna okkar sýni að við þurfum að endurskoða afstöðuna til samþættingu evrópsks bankamarkaðar. Framtíðarsýn á heildstæðan bankamarkað ætti að gera ráð fyrir fjölbreytileika og einnig hinu mikilvæga hlutverki tvöfaldrar rekstrarniðurstöðu stofnana fyrir hagkerfið. Mikilvægast er að átta sig á því að bankastarfsemi er

ekki aðeins starfsemi sem ætlað er að raka saman fé fyrir hluthafa og að stærri bankar eru ekki endilega betri eða öruggari bankar. Ef við drögum allt saman þá má segja að við verðum að ná jafnvægi á milli markmiða um samkeppni, hagkvæmni, stöðuleika og þess að fjármálaþjónusta nái til sem flestra til þess að samþætting bankastarfsemi í Evrópu sé raunsæ og ábatasöm.